



**Riddarinn á hestinum (1949).**



**Riddarinn á hestinum (1939).**

árum síðar sagði hann um verkið: „Hin spennta tjáning í *Riddaranum á hestinum* er glaðleg ... stríðinu var nýlega lokið, samt fannst mér eins og maðurinn á hestinum gæti grátið eins og barn."

Frægð Marino Marini óx til muna árið 1948 þegar hann var gerður að nokkurs konar þjóðlistamanni á Ítalíu. Honum hlotnaðist sá mikli heiður, að heill salur var helgaður verkum hans á Feneyjar Biennalnum. Um þetta leyti kynntist hann breska myndhöggvaranum Henry Moore og með þeim tókst mikil vinátta.

Á sama tíma kynntist Marini Marino einnig bandarískum áhrifamanni, Curt Valentin, sem bauð honum til Bandaríkjanna og skipulagði stóra sýningu á verkum hans í New York. Þetta auðveldaði honum að verða frægur á alþjóðlegan mælikvarða. Í Bandaríkjunum kynntist hann einnig mestu áhrifamönnum í listahieminum eins og Stravinski, Arp, Beckmann, Feininger, Calder, Tanguy og Dalí. Árið 1952 var hann sæmdur International Grand Prix-verðlaunum á Feneyja-Biennalnum. Á næstu árum voru verk hans sýnd í helstu borgum Evrópu. Árið 1968 var hann gerður að félaga í þýsku reglunni um vísindi og listir, sem er einn mesti heiður sem listamanni getur hlotnast í Þýskalandi. Þrátt fyrir frægð sína sem myndhöggvari hélt hann áfram að mála. Hann sagði löngu síðar: „Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir að mála og byrja aldrei á höggmynd öðru vísi en að sjá hana fyrir mér myndrænt ... formið og litirnir eru svo samtengdir. Litirnir geta verið svo ljóðrænir."


Árið 1973 var safn Marino Marini opnað í Mílanó, en það geymir mörg af helstu verkum listamannsins eins og höggmyndir, málverk og teikningar. Höggmyndin *Pomona* er úr bronsi og var sett í Uffizi-safnið í Flórenz árið 1974. Tveim árum síðar var opnaður salur í Nýja listasafninu í München, sem er tileinkaður verkum hans.

San Pancrazio-kirkjan er talin vera frá 10. öld og var notuð í nokkrar aldir sem klaustur. Hún varð fyrir miklum skemmdum árið 1808 en var síðan fljótlega endurbyggð en hefur eins og áður segir verið breytt í glæsilegt listasafn Marino Marini.

*Höfundur er fulltrúi Sotheby's á Íslandi.*



**„Och dessa tinger hänger" eftir Gunnel Pettersson frá Svíþjóð.**



**„Statement VII" eftir Vibeke Riisberg frá Danmörku.**

# VEFIR

SJÖTTI norræni textílþríæringurinn stendur sem hæst á Kjarvalsstöðum um þessar mundir og fram í miðjan ágústmánuð. Þrjátíu og sex listamenn frá fimm Norðurlöndum, þar af einn frá Íslandi, sýna 52 verk af ýmsum toga, sem vitna í senn um skyldleika og mismunandi afstöðu til efnis og aðferða. Hugtakið „vefnaður", sem ætla mætti að væri eðlilegt heiti á listgreininni, þykir nú of takmarkað og hefur hopað á hæli fyrir hinu alþjóðlega „textíl", sem rúmar fleiri þætti innan sinna vébanda.

**36 listamenn frá fimm Norðurlöndum sýna um þessar mundir verk á Kjarvalsstöðum sem vitna í senn um skyldleika og mismunandi afstöðu til efnis og aðferða, en heyra öll undir textíllistina.**

Þannig má líta á Kjarvalsstöðum vefhönnun, nytjalist og jafnvel eindregnar tilraunir til að færa formið að „fagurlistum", en nokkuð hefur borið á að fulltrúar annarra listgreina líti niður á textíl sem „mottugerð". Kannski vegna þess að eins og Guðrún Gunnarsdóttir, fulltrúi Íslands á sýningunni, sagði í viðtali við Morgunblaðið í mars síðastliðnum, að „það sem ofið er þarf að vera vel gert og bilið milli myndlistar og handavinnu er afskaplega viðkvæmt". Eins og eðlilegt þykir megna ekki allir að brúa þetta bil.

Textíllist á Norðurlöndum – eftir að hún öðlaðist viðurkenning sem slík – dúsaði um langt skeið innan mæra hvers lands, en 1974 varð breyting á. Það ár rufu textíllistamenn einangrun landa sinna og hófu samstarf um sýningarhald. Norræni textílþríæringurinn á ættir að rekja til sýningar það ár sem síðar varð fyrirmynd annarra textílsýninga á Norðurlöndum. Listamennirnir sjálfir lögðu grunninn að, skipulögðu og ráku fyrstu fjórar sýningarnar. Eins og gefur að skilja krafðist þetta fyrirkomulag fórnarlundar og glímu við ýmis óyfirstíganleg vandamál, s.s. fjármögnun. En lyktir urðu farsælar:

Framhald á sýningarhaldi var óvænt tryggt þegar Norðurlandaráð lagði til árið 1984 að Norræna ráðherranefndin úthlutaði styrkjum til að styðja samnorrænar sýningar á borð við norræna textílþríæringinn.

Fimmti norræni textílþríæringinn naut þessa fyrirkomulags. Var hann sá fysti sem Norræna listamiðstöðin skipulagði, en miðstöðin stendur einnig að baki sjöttu sýningunni nú, með fulltingi aðila frá hverju aðildarlandi. Saman skipa þeir valnefnd sem ræður uppbyggingu sýningarinnar. Um 700 verk komu til álita að þessu sinni, en eins og kom fram hér að ofan hlaut innan við tíundi hluti þeirra náð fyrir augum nefndarinnar. Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur, segir í aðfararorðum sýningarinnar að við skoðun innsendra verka „undrast maður sannarlega hversu auðug norræn textílhefð er. Eins og er með aðrar listgreinar, ber sérhvert Norðurlandanna sterkt eigið svipmót og hefur sérstakar áherslur, sem er mikilsvert á sama tíma og einstaklingsbundin tjáning sætir árásum æ bragðlausari hlýðni við ríkjandi stefnur."

Textílþríæringurinn hóf ferð sína í Gautaborg, en verk sænskra listamanna eru í meirihluta á sýningunni, og þokaðist á milli Þrándheims í Noregi, Kaupmannahafnar, Jyväskyla í Finnlandi og Stokkhólms. Sýningin lagði lykkju á leið sína eftir höfuðborg Svíþjóðar og hélt til Tallinn í Eistlandi. Þetta hliðarspor Norræna textílþríæringsins er skýrt með kollsteypum sem orðið hafa í landafræði og stjórnmálum í Evrópu á síðustu árum. Því var einnig staldrað við í Vilnius og Riga og Tallinn en hin nýfrjálsu Eystrasaltsríki reyna ákaft að styrkja sambönd sín við Vesturlönd og ekki síst Norðurlönd í krafti landfræðilegrar nálægðar.

Reykjavík er næst síðasti viðkomustaðurinn á hringferð þríæringsins.

SFr